




ABSTRAKT eftir Nínu Tryggvadóttur frá 1961.



OLÍUMÁLVERKIÐ Gul eftir Louisu Matthíasdóttur frá 1990.


# ÞÆR LÖGÐU GRUNNINN

**Þ**EIRRA mál ei talar tunga“ – Íslandsdætur í myndlist, er yfirskrift sumarsýningar Norræna hússins. Sýningin er unnin í samvinnu Norræna hússins og Kvennasögusafns Íslands. Við opnunina flytur frú Vigdís Finnbogadóttir ávarp og Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari leikur verk eftir Mist Porkelsdóttur og Báru Grímsdóttur en fjölbreytt dagskrá verður í Norræna húsinu næstu tvo mánuði sem tileinkuð er konum í listum. Má þar nefna tónlist, leiklist, kvikmyndir, ljóðapplestur og skrif eftir konur í flutningi norrænna listakvenna.

Í bókinni Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna sem kemur út nú í júlí er fjallað um konur sem hafa rutt brautina á margvíslegum sviðum þjóðlífsins; í námi, starfi, listum og íspróttum. Þá er fjallað um samtök, félög, blöð og tímarit sem konur stofnuðu auk þess sem þar er að finna samantekt á lögum og reglugerðum allt frá Grágás til okkar tíma, er varða rétt og stöðu kvenna. Bókin er heimildarrit í kvennasögu. Ritstjórar eru Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, sem segir að í bókinni sé dregið fram í dagsljósið ýmislegt sem lengi hefur legið gleymt og grafið.

„Það var í lagi fyrir þessar konur að vinna að myndlist svo lengi sem þær tóku hana ekki of alvarlega,“ segir Hrafnhildur Schram, listfræðingur og sýningarstjóri, um þær Þóru Pétursdóttur Thoroddsen (f. 1848), Kristínu Vídalín Jacobson (f. 1864) og Kristínu Þorvaldsdóttur (f. 1870) sem urðu fyrstar íslenskra kvenna til að sækja sér menntun á sviði myndlistar í lok síðustu aldar. Þessir frumkvöðlar lögðu þó myndlistina fljótt á hilluna að námi loknu þegar við tók hjúskapur og heimilishald og Kristín Þorvaldsdóttir hætti að mála og snéri heim til að taka við búi og börnum systur sinnar sem hafði dáið í barnsförum. Emilía M. Sigmarsdóttir hefur umsjón með útliti sýningarinnar þar sem m.a. verður sett upp sérstakt söguhorn með munum úr eigu elstu listakvennanna; dag-

Í dag, laugardaginn 4. júlí kl. 16, verður opnuð í Norræna húsinu sýning á verkum íslenskra kvenna sem voru brautryðjendur í myndlist hver á sínu sviði. Sýningin er liður í viðamikilli dagskrá sem er tileinkuð konum í listum í tilefni útkomu bókarinnar Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna á vegum Kvennasögusafns Íslands.



GUÐRÚN Dís Jónatansdóttir og Hrafnhildur Schram við málverk Kristínar Jónsdóttur Við þvottalaugarnar frá 1931.

bækur og bréf, trönur, penslar og annað úr vörslu Þjóðminjasafnsins sem veitir innsýn í líf kvennanna. Myndverkin á sýningunni eru ýmist fengin að láni úr einkaeign eða hjá listasöfnum.

„Þrátt fyrir að þessar fyrstu myndlistarmenntuðu konur hafi ekki gert listina að sínu ævistarfi þá lögðu þær eigi að síður grunninn fyrir þá listamenn sem á eftir komu,“ segir Guðrún Dís. „Þóra stofnaði fyrsta teikniskólann hér á landi þar sem kennd voru undirstöðuatriði teikunar og útsaums.“ Og þó að námið þar hafi einkum miðað að því að gera ungur stúlkur ákjósanlegra kvonfang þá varð einn nemandi Þóru síðar atvinnulismálari og það var Þórarinn B. Þorláksson.

## Frá tómstundaiðju til atvinnu

Fyrstu íslensku konurnar til að leggja fyrir sig myndlist voru Júlíana Sveinsdóttir (f. 1889) og Kristín Jónsdóttir (f. 1888) og líkt og fyrirrennarar þeirra voru þær menntaðar í myndlist frá Kaupmannahöfn. „Kristín verður fyrst til að sameina fjölskyldulíf sitt listferlinum en Júlíana giftist aftur á móti aldrei,“ bendir Hrafnhildur á. „Það segir raunar mjög mikið að Júlíana og margar myndlistarkonur sem á eftir henni koma skuli allar hafa búið erlendis, og geri sumar enn, eins og Louisa Matthíasdóttir.“ Þannig kusu þær Nína Sæmundson (f. 1892), Nína Tryggvadóttir (f. 1913) og Gerður Helgadóttir (f. 1928) að helga líf sitt listinni og störfuðu allar erlendis.

Enn eru ónefndar þrjár af þeim 12 myndlistarkonum sem verk eiga á sýningunni. Barbara Árnason (f. 1911) sem þótti fjölhæf listakona og vann m.a. mikið af bókaskreytum og myndum með vatnslitabrykki. Vigdís Kristjánsdóttir (f. 1904) varð þekkt fyrir myndvefnað sinn en yngsta listakonan sem verk eru eftir á sýningunni er Ásgerður Búadóttir (f. 1920), frumkvöðull nútíma listvefnadur hér á landi.

Sýningin verður opin alla daga nema mánudaga kl. 13–18 og stendur til 16. ágúst.

**T**ÓNLEIKAR verða í fundarsal Norræna hússins á morgun, sunnudag, klukkan 16 og marka þeir upphaf að Sumardagskrá Norræna hússins, sem verður helguð þemanu Konur í listum. Þar koma fram Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Unnur Vilhelmsdóttir píanoleikari.

Áshildur leikur þrjú verk eftir Mist Porkelsdóttur; Rún, Við stokkinn og Krummavísu, Hvítur júní eftir Báru Grímsdóttur og Flautuspil eftir Karólínu Eiríksdóttur. Áshildur segir frá tónskáldunum og verkum

## KONUR Í TÓNLIST

þeirra. Eftir hlé leikur Unnur Vilhelmsdóttir á píanó þrjú verk eftir Báru Grímsdóttur; Einsemd Eriks Johansonar, Köttur og mús og Ein í skúta. Unnur heldur fyrirlestur um tónskáldið og tónsmíðar Karólínu Eiríksdóttur og síðan leikur Áshildur Rapsóðu eftir tónskáldið.

Á Sumardagskránni í Norræna húsinu,

verða auk tónleika með tónsmíðum eftir kventónskáld í flutningi tónlistarkvenna, m.a. fyrirlestur um konur og kvikmyndir og sýndar verða stuttmyndir, hreyfimyndir og tvær kvikmyndir í fullri lengd eftir Kristínu Jóhannesdóttur og Ásdísi Thoroddsen. Margrét Helga Jóhannsdóttir leikkona les dagbókarbrot Elku Björns-

dóttur (1881–1924), en hún var verkakona í Reykjavík. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur valdi efnið.

Kórar frá Danmörku og Finnlandi halda tónleika og Københavns Kammerensemble leikur gömul og ný verk, m.a. verk eftir Mist Porkelsdóttur, sem samið var sérstaklega fyrir kammersveitina. Kvennakórinn Vox Feminae syngur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. Stuttur leikþáttur, Undir brúðarslórinu, verður fluttur af sænskri leikkonu, Lisa Brand, og Kerstin Backlin sem leikur á fiðlu.